



Verið velkomin á L-2

Deildin er útskriftardeild með 18 rúmum á annari hæð á Landakoti.

Með ósk um gott samstarf.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur Landspítala eru bundnir þagnarskyldu og sýna málefnum sjúklinga og aðstandenda þeirra virðingu og fyllsta trúnað.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI, ÚTSKRIFTARDEILD L-2
JÚNÍ 2016

ÁBYRGÐARMAÐUR:
HELGA ATLADÓTTIR
HELGAAT@LANDSPITALI.IS

HÖNNUN:
SAMSKIPTAÐEILD LSH

Útskriftardeild L-2 Landakot



Sími: 543-9450

Upplýsingar um deildina

Deildin er útskriftardeild sem byggir á endurhæfingu fyrir aldraða sem útskrifast heim til sín á 2-4 vikum frá innlögn á deildina.

Markmið endurhæfingar er að einstaklingar nái bættri hreyfigetu og framkvæmt sjálfstætt sem flestar athafnir daglegs lífs. Þess vegna hvetjum við til sjálfshjálpar og þátttöku í daglegum athöfnum og máltíðum. Dagleg viðfangsefni eru lækning, hjúkrun, félagsráðgjöf og sjúkra- og iðjuþjálfun.

Megin áhersla er lögð á heildrænt mat á einstaklingi (mat á sjúkdómum, aldursbreytingum, félagslegum aðstæðum, lyfjameðferð, líkamlegri og andlegri færni) og þverfaglegum vinnubrögðum. Einstaklingar taka ábyrgð á þjálfun sinni og styra gönguferðum á deildinni ásamt þeim æfingum sem þeim hefur verið sett fyrir af þjálfurum þeirra.

Á deildinni er æskilegt að einstaklingar séu í sínum fötum og fái nóg föt til skiptanna með sér á deildina.



Starfsemi á deild

Matur

Matur er sameiginlegur á dagstofu deildarinnar á föstum tímum. Morgunmatur er í formi hlaðborðs og æskilegt er að hver og einn reyni eftir bestu getu að vera sjálfbjarga með að fá sér morgunmatinn.

Morgunmatur er frá kl.8:30.

Hádegismatur er á matarbökkum kl.12:00.

Síðdegiskaffi er kl.15:00.

Kvöldmatur er borinn fram á matarbökkum kl.17:45

Kvöldkaffi er kl.20:00.

Heimsóknartími

Heimsóknartími er á öllum tímum en besti tími til heimsókna á Landspítala er frá kl.15:00-kl.20:00.

Fjölskyldufundir

Fjölskyldufundir eru haldnir eftir þörfum. Lögð er áhersla á gott samstarf við aðstandendur og eru þeir hvattir til að hafa samband við hjúkrunarfræðing um meðferð sjúklingsins og liðan.

Útskrift

Við útskrift fær viðkomandi skriflegar ráðleggingar, yfirfarin lyfjalista og upplýsingar um áframhaldandi þjálfun og eftirlit.

Þjónusta ýmissa fagaðila á deildinni

Sérfræðilæknir í öldrunarlækningum er á deildinni ásamt deildarlækni.

Hjúkrunarfræðingar vinna samkvæmt einstaklingshæfðri hjúkrun.

Sjúkraliðar og almennt starfsfólk starfa við umönnun.

Sjúkraþjálfari veitir einstaklingshæfða þjálfun auk ráðgjafar varðandi þjálfun sem hver getur gert sjálfur. Hann metur einnig þörf fyrir hjálpartæki.

Iðjuþjálfari metur færni allra sjúklinga og fá þeir meðferð eftir þörfum. Hann fer í heimilisathugun ef með þarf, metur aðstæður og kannar þörf fyrir breytingar og hjálpartæki.

Félagsráðgjafi veitir upplýsingar um félagsleg réttindi, stuðningsviðtöl og úrræði þegar heim er komið.

Sálfræðingur, næringarfræðingur og sjúkrahúsprestur eru á Landakoti og koma eftir þörfum eða óskum sjúklinga.

Tannlæknaþjónusta er í boði á Landakoti en sjúklingar þurfa að greiða fyrir það sjálfir.

Hárgreiðsla og Fótsnyrting er í boði á Landakoti en sjúklingar þurfa að greiða fyrir þá þjónustu.